



## RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Reykjavík fimmtudagur, 14. mars 2024

*Tilvísun: 2024020218*

*Tilvísun yðar:*

Nefndarsvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögreglulögum, nr. 90/1996 (afbrotavarnir, vopnaburður og eftirlit með lögreglu).**

Embætti ríkislögreglustjóra barst til umsagnar stjórnarfrumvarp dómsmálaráðherra um breytingar á lögreglulögum (afbrotavarnir, vopnaburður og eftirlit með lögreglu, þingskjal 1058 – 707. mál. Embættið hefur áður veitt umsögn um frumvarpið, sbr. m.a. umsögn dags. 28. febrúar 2023, mál nr. 535.

Markmið frumvarpsins er m.a. að skýra og styrkja heimildir lögreglu til að viðhafa aðgerðir í þágu afbrotavarna. Fram kemur m.a. í greinargerð að með frumvarpinu er lögð aukin áhersla á mikilvægi þess að lögregla geti gripið fyrir inn í atburðarás og þannig fyrirbyggt að framin séu alvarleg afbrot. Kveðið er á um heimildir lögreglu til að nýta upplýsingar sem hún býr yfir og aflar til greiningar auk þess sem ráðherra er veitt heimild til að kveða nánar á um þær aðgerðir sem heimilt er að beita í þágu afbrotavarna. Sett er fram sérstök heimild til að hafa eftirlit með einstaklingum sem hafa tengsl við skipulögð brotasamtök eða sem sérgreind hætta stafar af fyrir öryggi ríkisins eða almennings. Þá er kveðið á heimild til haldlagningar að undangengnum dómsúrskurði til að koma í veg fyrir alvarleg brot gegn öryggi ríkisins.

Að sama skapi er frumvarpinu einnig ætlað að styrkja og efla eftirlit með störfum lögreglu, en það er mikilvægur þáttur í því að verkefni og störf lögreglu séu unnin með gegnsæjum hætti. Að mati embættis ríkislögreglustjóra er mikilvægt að efla nauðsynlegt aðhald með störfum lögreglu og viðhalda því trausti sem er borið til starfa lögreglu.

## RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Ljóst er að starfsumhverfi og aðstæður lögreglu hafa breyst afar mikið undanfarin ár. Má þar nefna að rannsóknir lögreglu og eftirlit til að daga úr brotastarfsemi hefur þungst verulega. Síðbreytilegt öryggisumhverfi krefst þess einnig að lögregla haldi jafnan vöku sinni gagnvart mögulegum aðgerðum einstaklinga, hópa, samtaka eða þjóðríkja er kunna að skaða stjórnskipun eða stjórnmalalegar, efnahagslegar eða þjóðfélagslegar undirstöður samfélagsins.

Áhætta vegna skipulagðrar brotastarfsemi á Íslandi telst mjög mikil samkvæmt skýrslu greiningardeildar ríkislögreglustjóra „Skipulögð brotastarfsemi 2021 – Mat greiningardeildar ríkislögreglustjóra á skipulagðri brotastarfsemi á Íslandi.“ Þar kemur einnig fram að aukin notkun brotahópa á stafrænni tækni eykur álag á ýmsum sviðum löggæslunnar. Þá felur skipulögð brotastarfsemi í sér ógn við öryggi samfélags og einstaklinga.

Í framangreindri skýrslu greiningardeildar kemur m.a. fram að skipulögð brotastarfsemi hefur grafið um sig og er talin umfangsmikil á Íslandi. Í skýrslunni segir: „Áhrif þessa á samfélagið eru margvísleg og öll neikvæð. Það á við um tíðni afbrota, alvarleika þeirra, áhrif á viðskiptalíf og vinnumarkað, þar undir skekkt samkeppnisstaða og fjártjón fyrirtækja, tekjumissir hins opinbera auk þess sem skipulagðri brotastarfsemi fylgir ofbeldi sem verður til þess að draga almennt úr öryggi í samfélaginu.“

Skipulögð brotastarfsemi getur tekið á sig ýmsar birtingarmyndir. Í skýrslu greiningardeildar kemur fram að brot sem tengjast innflutningi, framleiðslu og/eða heildsölu á kannabis, amfetamíni og kókaíni á Íslandi er umfangsmesti brotaflokkur í baráttu lögreglu gegn skipulagðri brotastarfsemi. Aldrei hefur verið jafn mikið lagt hald á kókaíni og á síðasta ári, en gögn eins og Encrochat sýna að samfélagsmiðlar eru sannarlega notaðir í þágu skipulagðrar brotastarfsemi.

Þá kemur fram í skýrslu Evrópulögreglunnar um skipulagða brotastarfsemi innan Evrópusambandsins árið 2021 (e. Serious Organized Crime Threat Assessment, SOCTA 2021) eru ólöglegir fólksflutningar, mansal (e. Trafficking in Human Beings, THB) og smygl á fólki (e. Migrant Smuggling) stór þáttur í umsvifum skipulagðra brotahópa.

Fram kemur í skýrslu greiningardeildar að mikilvægt er að vinna gegn starfsemi skipulagðra brotahópa sem stunda ólöglega fólksflutninga og veita flóttafólki ólöglega þjónustu sem felst m.a. í að útvega fölsuð skilríki. Þannig verður flóttafólk eða innflytjendur sem kaupir fölsuð skilríki í gegnum skipulagða brotahópa berskjaldað fyrir hagnýtingu og mansali. Einnig er mikilvægt að koma í veg fyrir misnotkun skipulagðra brotahópa á t.d. félagslegri þjónustu og aðstoð (með félagslegri aðstoð er meðal annars átt við fjárhagsaðstoð), s.s. með notkun falsaðra skjala.

Þá kemur fram í skýrslunni að tölvu- og netglæpir eru það birtingarform skipulagðrar brotastarfsemi sem líklegast er að beinist gegn almenningi á Íslandi. Þá er m.a. átt við tilraunir til fjársvika um internetið.

## RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Skipulögð brotastarfsemi kann einnig að vera samofin löglegum rekstri fyrirtækja og mikilvægt er að rannsaka skattahluta brotastarfseminnar þar sem brotamönnum getur reynst erfitt að gera grein fyrir hagnaði, tekjum eða eignum sem aflað er með ólögætum hætti.

Með vaxandi þekkingu á loftslagsbreytingum og neikvæðum áhrifum þeirra á öryggismál í víðum skilningi hafa stjórnvöld og löggæsluyfirvöld víða um heim beint athygli sinni í auknum mæli að umhverfisafbrotum (e. Environmental Crime) og skipulagðri brotastarfsemi sem hagnýtir sér umhverfið eða náttúruauðlindir á ólögætan hátt í hagnaðarskyni, líkt og kemur fram í skýrslu greiningardeildar.

Á undanförunum árum hefur greiningardeild fengið upplýsingar frá erlendum samstarfsaðilum um einstaklinga sem tengjast alþjóðlegum hryðjuverkasamtökum og hafa sótt um alþjóðlega vernd á Íslandi. Hryðjuverkaógn hefur aukist í nágrennaríkjum Íslands samkvæmt áhættumötum samstarfsríkja. Einnig er rétt að benda á að alþjóðleg hryðjuverkasamtök hafa opinberlega hvatt til hryðjuverkaárása í Evrópu.

Á Íslandi eru einstaklingar sem aðhyllast ofbeldis og öfgafulla hugmyndafræði. Aukning er á hryðjuverkatengdu efni sem aðgengilegt er á netinu þ.m.t. samfélagsmiðlum. Hatursorðræða er meira áberandi og ljóst að kynt er undir skautun samfélagsins með aðstoð nýrrar tækni s.s. gervigreindar.

Ógn vegna hugsanlegra hryðjuverkaárása á Íslandi árið 2024 stafar, að mati greiningardeildar, fyrst og fremst frá einstaklingum sem fyrir sakir þess að aðhyllast ofbeldisfulla öfgahyggju og bera hatur til samfélagsins eru reiðubúnir að fremja hryðjuverk. Á Vesturlöndum telja sérfræðingar lögreglu einstaklinga sem aðhyllast ofbeldisfulla hægriöfgahyggju eða ofbeldisfullan islamisma skapa mesta ógn. Á undanförunum árum hefur hryðjuverkaógn frá einstaklingum sem aðhyllast ofbeldisfulla hægri öfgahyggju aukist í hinum vestræna heimi. Stríðsátök fyrir botni Miðjarðarhafsins hafa skapað nýjar öryggisógnir fyrir lögreglulið á Norðurlöndum og víðar.

Á undanförunum árum hefur greiningardeild ríkislögreglustjóra fengið upplýsingar frá erlendum samstarfsaðilum um einstaklinga sem tengjast alþjóðlegum hryðjuverkasamtökum og hafa sótt um alþjóðlega vernd á Íslandi. Hryðjuverkaógn hefur aukist í nágrennaríkjum Íslands samkvæmt áhættumötum samstarfsríkja. Einnig er rétt að benda á að alþjóðleg hryðjuverkasamtök hafa opinberlega hvatt til hryðjuverkaárása í Evrópu.

Að mati embættis ríkislögreglustjóra er mikilvægt að efni frumvarpsins nái fram að ganga. Mikilvægt er að lögregla hafi þau verkfæri sem hún þarf yfir að búa til að geta tekist á við breytt umhverfi og vaxandi áskoranir í löggæslu líkt og að framan hefur verið rakið og gert er grein fyrir í framangreindum skýrslum.

## RÍKISLÖGREGLUSTJÓRI

Frumvarpið er liður því að lögregla geti betur tekist á við framangreindar áskoranir og unnið samkvæmt því lögákveðna hlutverki sem henni er gert að gera samkvæmt a - g lið 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996.

Nánar má finna upplýsingar um framangreint efni og skýrslur greiningardeildar á slóðinni: <https://www.logreglan.is/logreglan/rikislogreglustjori/skipurit-2/skyrslur-greiningardeildar/> Skýrsla greiningardeildar um skipulagða brotastarfsemi á Íslandi 2021: <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2022/02/Skipulogd-brotastarfsemi-a-Islandi-2021.pdf> Einnig má finna skýrslur greiningardeildar um hryðjuverkaógn á Íslandi 2024 á slóðinni: <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2024/02/GRD-Hrydjuverkarogn-a-Islandi-A4.pdf>, áhættumat vegna peningabættis og fjármögnunar hryðjuverka 2023 á slóðinni: <https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2023/12/RLS-Ahættumatsskyrsla.pdf> og fjölþáttaógnir: [LOG-Fjolthattaognir-skyrsla-A4-230508.pdf](https://www.logreglan.is/wp-content/uploads/2023/12/LOG-Fjolthattaognir-skyrsla-A4-230508.pdf) ([logreglan.is](https://www.logreglan.is))

F.h. embættis ríkislögreglustjóra

  
Helgi Valberg Jónsson,  
yfirlögfræðingur.